

SAMÞYKKT

um hundahald í Selfoskaupstað.

1. gr.

Hundahald er bannað í Selfoskaupstað að undanteknum þarfahundum á lögbýlum.

2. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að veita einstaklingum búsettum í kaupstaðnum undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

- a) Hundurinn skal skráður á skrifstofu Áhaldahúss og þar fær eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.
- b) Árlega skal greiða í bæjarsjóð leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið sem bæjarstjórn ákveður og heilbrigðismálaráðherra staðfestir fyrir eitt ár í senn skal renna til þess að standa straum af kostnaði við eftirlit með hundum í kaupstaðnum og skal upphæð þess við það miðuð. Í gjaldskrá þessari skal einnig ákveða handsömunargjald sbr. 2. gr. f-lið. Gjaldið greiðist fyrirfram við skráningu hundsins til næstkomandi marsmánaðar og síðar árlega 1. mars fyrir eitt ár í senn. Hundar sem notaðir eru við búrekstur á lögbýlum í bænum eru undanþegnir þessu gjaldi, svo og hundar til leitar og björgunarstarfa og hundar til aðstoðar skv. læknisráði blindu fólki og fötlúðu. Hafi greiðsla dregist lengur en einn mánuð frá gjalddaga er heimilt að afturkalla leyfið, svo og ef hreinsun hunda er ekki framkvæmd eftir settum reglum.
- c) Skylt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu váttryggingarfélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds skal sýna að tryggingin sé í fullu gildi, ennfremur vottorð um hreinsun.
- d) Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri heldur vera í taumi í fylgd með aðila sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í sjúkra- og skólahús, matvöruverslanir, eða aðra staði þar sem matvara er um hönd höfð, né heldur kirkjur, bókasöfn og yfirleitt opinberar stofnanir. Eigendum þarfahunda á lögbýlum svo og þeirra hunda er sérstaklega eru nefndir í staflíð b hér að ofan er þó skylt að sjá til þess að hundarnir flækist ekki um lausir í byggðinni.
- e) Leyfi fyrir einstökum hundum er jafnan háð því að þeir raski eigi ró bæjarbúa og séu hvorki þeim né öðrum til óþæginda. Skilyrði fyrir hundahaldi í sambýlishúsum er að allir íbúðaeigendur samþykki slíkt og skal leggja fram skriflegt samþykki þar um við skráningu hundsins.
- f) Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum er hundahald varðar (þ. á m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts), svo og fyrirmælum sem heilbrigðisnefnd setur. Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal hundinum komið í vörslu sé um minni háttar brot að ræða í fyrsta skipti. Eigandi hundsins verður þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu handsömunargjalds vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekað brot afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds og má eigandi hundsins þá búast við að hundinum verði lógað án frekari viðvörunar.

Bæjarstjórn er heimilt hvenær sem er að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi telji hún þess þörf.

3. gr.

Hundar úr aðliggjandi sveitum sem ekki eru í fylgd með eiganda eða umráðamanni og ómerktir eru, svo og aðrir ómerktir flækingshundar skulu teknir úr umferð. Gefi eigandi sig ekki fram og eða vitjar hans innan tveggja sólarhringa hefur lögreglan eða dýralæknir heimild til þess að lóga viðkomandi hundi þegar í stað.

Merkfir hundar á flækingi skulu einnig teknir úr umferð. Ef eigandi vitjar hans eigi innan eins sólarhrings og svarar ekki til saka um brot á samþykkt þessari, sé um slíkt að ræða, hefur lögreglan eða dýralæknir heimild til þess að lóga hundinum án frekari fyrirvara.

Hunda sem ráðast á menn eða skepnur skal fjarlægja og lóga þegar í stað. Lögregla og heilbrigðisnefnd hafi eftirlit með hundum samkvæmt samþykkt þessari og skulu þessir aðilar tilkynna bæjarstjóra án tafar um allar kærur sem þeim berast vegna meintra brota á samþykktinni.

4. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að ráða sérstakan hundaeftirlitsmann er annist eftirlit með því að reglugerð þessi sé haldin og er honum heimilt að handsama lausagönguhunda og hunda er gerst hafa á annan hátt brotlegir við reglugerð þessa og færa þá í geymslu sbr. 2. gr. f-lið. Eftirlitsmaður þessi njóti aðstoðar lögreglu gerist þess þörf, en að öðru leyti starfar hann sjálfstætt við sín eftirlitsstörf.

5. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Selfoskaupstaðar staðfestist hér með samkvæmt 1. gr. laga nr. 7 frá 3. febrúar 1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki og 22. gr. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt er úr gildi felld samþykkt um hundahald í Selfosshreppi nr. 30 frá 1978.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. júní 1985.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Soffía Magnúsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Selfoskaupstað.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund í Selfoskaupstað er sem hér segir:

- a) Samkvæmt 2. gr. b. og f-lið samþykktar um hundahald á Selfossi frá 18. júní 1985 kr. 4 500,00 á ári.
- b) Handsömunargjald kr. 2 500,00 í hvert skipti.

2. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Selfoskaupstaðar, staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. júní 1985.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Soffía Magnúsdóttir.